



## Fundargerð hreppsráðs 5. desember 2019

### Fundur nr. 9 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í hreppsráði Vopnafjarðarhrepps 5. desember á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl 08:00.

Mætt til fundar: Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Stefán Grímur Rafnsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Sara Elísabet Svansdóttir, Baldur Kjartansson og Þór Steinarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerðir

#### a. Menningarmálanefnd 29.8

Lagt fram.

#### b. Hafnarnefnd 22.10

Lagt fram.

#### c. Fundargerð stjórnarfundar Héraðsskjalasafns Austfirðinga 12.11

Lagt fram.

#### d. Menningarmálanefnd 26.11

Lagt fram.

### 2. Almenn mál

#### a. Minjasafnið Burstarfelli – ársreikningur og ársskýrsla

Lagt fram. Hreppsráð lýsir ánægju sinni með rekstur og rekstrarskýrslu minjasafnsins á Burstarfelli.

#### b. Ósk Heilbrigðisnefndar um endurnýjaðan samning við UST

Hreppsráð Vopnafjarðarhrepps skorar á Umhverfisstofnun og Umhverfis og auðlindaráðuneytið að tryggja það að eftirlitsstarfsemi heilbrigðiseftirlits fari fram í fjórðungnum. Tilfærsla á einstökum verkefnum grafi undan staðbundinni starfsemi sem sé ekki í anda landsbyggðar- eða sjálfbærnisjónarmiða. Samþykkt samhljóða.

#### c. Frístundastyrkur – verklagsregla

Lagðar til orðlagsbreytingar. Samþykkt samhljóða að komið verði á greiðslum frístundastyrks með áður nefndum orðalagsbreytingum. Frístundastyrkurinn mun verða að upphæð 20.000 kr.

#### d. Starfsaldursviðurkenningar – verklagsregla

Umræða um tillögu að starfsaldursviðurkenningum sveitarfélagsins. Vísað til sveitarstjórnar með þeim breytingum sem lagðar eru til á fundinum.

#### e. Fjárhagsáætlun 2020

Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2020-2023 tekin til umræðu í hreppsráði. Sveitarstjóri fór yfir áætlunina ásamt fjármálastjóra. Samþykkt með vísan í 3. gr. laga um tekjustofn sveitarfélaga nr. 4/1995 að fasteignaskattur fyrir árið 2020 verði óbreyttur eða 0,55% í A flokki, 1,32% í B flokki og 1,65% í C flokki. Hreppsráð samþykkir með vísan í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofn sveitarfélaga nr. 4/1995 að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2020 verði óbreytt eða 14,52%. Lagðar fram gjaldskrár Vopnafjarðarhafnar, gatnagerðargjöld, sorpgjaldskrá, gjaldskrár vatnsveitu, þjónustumiðstöðvar, Vopnafjarðarskóla, tónlistarskóla, Sundlaugarinnar Selárdal, Sundabúð, leikskólann Brekkubæ, íþróttahús, félagsheimilið Mikligarð, bókasafn, fráveitu og gjaldskrá fyrir katta- og hundahald. Samþykkt að ráðast í framkvæmd við uppbyggingu á félagslegum íbúðum í samræmi við stofnframlag ríkisins sem samþykkt var haustið 2019, með kostnaði sveitarfélagsins að upphæð 118 mkr. Samþykkt og frekari umræðu um fjárhagsáætlun 2020-2023 vísað til næsta sveitarstjórnarfundar.

### 3. Bréf til sveitarstjórnar

#### a. Náttúruverndarsamtök Austurlands 50 ára – ósk um stuðning

Styrktarumsókn vegna 50 ára afmælis Náttúruverndarsamtaka Austurlands tekin til umræðu. Hreppsráð samþykkir að veita 50 þúsund króna styrk í tilefni af afmælinu.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 12:25.

